

10. september.

189

Nr. 56.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að framleiðsluráð landbúnaðarins hafi synjað nýstofnuðu samvinnufélagi, sem eignast hefur og tekið við rekstri sláturhúss, leyfi til slátrunar, þótt fyrri eigandi hafi haft leyfi til slíkrar starfsemi.

Að þessu leyti nýtur samvinnufélag ekki sama réttar og kaupmaður í sömu aðstöðu, jafnvel þótt félagsmenn þess skipti hundruðum.

Til þess að leiðrétta þetta misrétti ber brýna nauðsyn til að setja nú þegar bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem sláturleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögum.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. september 1964.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*